

Ed.

707. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa erlendum manni eða félagi að reisa og starfrækja sildarbræðsluverksmiðju á Austurlandi o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Nú sækir erlendur maður eða félag um leyfi til þess að reisa og starfrækja sildarbræðslustöð á Austurlandi og sannar, að hann eða það hafi nægilegt fjármagn, og skal þá ríkisstjórninni vera heimilt, að fengnum meðmælum bæjarstjórnar eða sveitarstjórnar á þeim stað, er umsækjandi óskar eftir aðsetri, að veita umsækjanda leyfi til þess að reisa þar sildarbræðsluverksmiðju og starfrækja hana í allt að 30 árum, og jafnframt leyfi til þess að eiga eða leigja nægilegt land handa fyrirtækinu, enda sé það tryggt, að eingöngu íslenskt verkafólk, að undanteknum sérfræðingum, starfi í þjónustu fyrirtækisins.

2. gr.

Árið 1932 skal ríkisstjórninni vera heimilt að veita nokkrum erlendum sildveiðiskipum leyfi til að landsetja og láta verka afla sinn eða hluta hans innan lögsagnarumdæmis Seyðisfjarðarkaupstaðar, ef bæjarstjórn kaupstaðarins mælir með því og tryggt er, að innlent verkafólk njóti vinnu allrar og verkunarlauna við síldina.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.